Mótt: 11/2 71

# S T A R F S S K Ý R S L A .

## 1 9 7 0

Gróðrarstöðin Tumastöðum.

Veðurfar ársins.

Árið 1970 einkenndist af köldu veðurfari bæði sumar og vetur og svipar mjög til ársins í fyrra, þó var sumarið ekki eins rigningarsamt.

Veturinn ( jan. - marz). Janúar frostléttur og snjólaus að kalla, en nokkuð veðrasamur.

Febrúar mun kaldari en janúar en hægviðrasamur og snjóþungur.

Marz snjóasamur og oft frostharður og nokkuð veðrasamur síðari hluta mánaðarins.

Vorið ( apríl - maí ). Apríl með tölverðum frostum á auða jörð, ásamt svellalögum, mikill klaki í jörðu.

Maí óvenju úrkomusamur og jörð var forblaut svo jarðvinnsla var mjög erfið vegna bleytu. Hekla gaus 5. maí og gerði ekki skaða hér vegna vindáttar.

Sumarið ( júní - sept.). Júní votviðrasamur og fremur kaldur og var næstum óslitin rigning fram að 20. júní, klaki fór ekki úr jörðu fyrr en um miðjan mánuðinn.

Júlí kaldur en þó með sól flesta daga og úrkoma lítil. Frost gerði nóttina milli 23.-24. júlí svo sá á kartöflugrösum.

Ágúst var votviðrasamur, en þó voru 10 dagar þurrir, frost gerði 15.-16. ágúst nokkuð hart.

September var þurr framan af en frostnætur voru 4 fyrstu daga mánaðarinns en samtals voru 9 frostnætur í mánuðinum.

Sumarið var eftirmynnilegt frá byrjun til síðasta dags eins og í fyrra. Kalt nokkuð, votviðrasamt og sprettu lítið en þó ekki eins óhentugt til úti verka og sumarið á undan.

Haustið ( okt.- nóv.). Október mikil úrkoma var í fyrri hluta mánaðarins, 25. okt. byrjaði að frjósa á auða jörð og mesta frost - 10 gr. og helzt þetta frost næstum óslitið í nóvember en oftast vægt.

Nóvember óvenju úrkomulítill.

Desember var mildur og góður. Hlýviðri flesta daga frá 6. og til áramóta. úrkoma í 19. daga. Jarðklaki sá er komið hafði í okt.- nóvember leysti að mestu, svo jörð er klakalítil um áramót. árið endaði með logni og mildu frosti og jörð snjólaus í byggð.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Laufgun og lauffall. Birkiskjólbeltin hér í gróðrarstöðinni voru ekki laufguð fyrr en 16. júní og er það nokkru seinna en meðaltal sýnir, en meðaltals laufgun er um mánaðarmótin maí og júní. Lauffall á birki var 2. oktober.

Vöxtur. Segja má að vöxtur eldri trjáa hafi verið í meðallagi í sumar og eins virðist að sitkagrenið sem plantað var 1944 og lítið hefur vaxið síðan í hretinu 1963 sé að komast í eðlilegt horf, en aftur á móti er vöxtur á plöntum sem hér eru í uppeldi með minna móti og má skrifa það á reikning veðurfarsins, en áburður virðist líka hafa nýzt illa og mun stafa af kulda og mikilli rigningu framan af sumri.

Fræfall. það var ekkert fræ á birki hér í gróðrarstöðinni og engir könglar voru nú á sitkagreni sem hefur nú á undanfarandi árum borið ofurlítið af könglum þó ekki hafi verið mikið fræ í þeim.

Starfsfólk.

Almenn vinna í gróðrarstöðinni byrjaði ekki fyrr en um miðjan maí en fyrr var ekki hægt að hefja hana vegna bleytu og klaka í

jörðu og henni lauk að mestu um 20. sept.

Alls námu kaupgreiðslur til starfsfólksins hér í gróðrarstöðinni samkvæmt kaupskrá kr. 956.140,50 og verktaka vinna var kr. 27.130,- og voru því kaupgreiðslur samtals kr. 983.270,50 og af því fór út úr hreppnum aðeins kr. 2.563,20.

Ef ekki verður farið út í stóraukna framleiðslu á plöntum, verður að ég hygg hægt að hafa sama hátt á og nú er að notast við þann vinnukraft sem til fellur í hreppnum, það er að hafa heimangöngu fólk og af því er nokkur hagnaður.

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

| | jan. | feb. | marz | apr. | maí | júní | júlí | ág. | sept. | okt. | nóv. | des. | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kon. | | | | | 15 | 44 | 43 | 19 | 12 | | | | 133 |
| Karl. | 4 | 4 | 4 | 4 | 8 | 17 | 13 | 19 | 13 | 5 | 6 | 4 | 101 |
| Samt. | 4 | 4 | 4 | 4 | 23 | 61 | 56 | 38 | 25 | 5 | 6 | 4 | 234 |

Gróðrarstöðin.

Fræplöntur. Sáningu var lokið 7. júní að mestu en þó var ekki sáð í plastgróðurhúsið fyrr en undir lok mánaðarins vegna þess að birkið sem sáð var í fyrra var svo smátt að það var látið taka út vöxt í því áður en húsið var flutt. Fræið spíraði mjög vel og voru sáðbeðin í haust mjög góð hvað snertir þéttleika. Sáð var 12,85 kg. í 711 m2 þar af sitkagreni sáð í 267 m2 og stafafuru í 159 m2. 2/0 plöntur eru í góðu ásigkomulagi og eru mjög jafnar að stærð.

Dreifsetning. Í sumar var dreifsett hér 368.000 stk af skógarplöntum og var um helmingur af því sitkagreni sem sáð hafði verið í plastgróðurhús og voru 2/0, um 10 dögum eftir dreifsetningu fór að bera mikið á afföllum á sitkagreni svo að á miðju sumri var ekki nokkurt líf í um 60% af plöntunum og varð það okkur til mikillar skapraunar.

Ástæðuna fyrir því er ekki hægt að segja um með vissu en það sem maður lætur sér koma til hugar er þetta. Plönturnar uxu mjög mikið annað árið í fræbeði og voru af þeim sökum of stórar og renglulegar, auk þess stóðu þær of þétt í fræbeði og um veturinn mygláði neðrihluti plantnanna og mun hún einnig hafa náð inn í börkin og hreinlega drepið plönturnar þó efri helmingur plantnanna væri grænn, en dreifsetning fór fram áður en plönturnar fóru að vaxa. Einnig var um frostskaða að ræða frá haustinu á undan. Fleira kemur einnig til greina, en nóg um það.

Vöxtur á eldri dreifsetningarplöntum hefur verið með minna móti og er um að kenna köldum og votviðrasömum sumrum.

Hreinsun. Gesatop var notað hér eins og að undan förnu nema hvað dreifsetning þessa árs var handhreinsuð og kom það til af því hvað mikið var farið að bera á afföllum á dreifsetningunni og eins að gesatop er orðið umdeilt lyf í gróðrarstöðvum.

Umbúnaður. Skorið var torf og lagt á kanta ný dreifsettra plöntubeða eins og gert hefur verið á undanförnum árum, einnig voru settar upp grindur til skjóls og lim lagt yfir beðin. Þar sem sýnt þótti að ekki væri til nóg af limi til vetrarumbúnaðar og hvergi lim að fá af grisjun sumarins,fórum við í Skarfanes og hjuggum þar lim á einn bíl og held ég að við verðum að gera ráð fyrir því að gera það á næstu árum.

Afhending. Afhentar voru 248.116 stk. Af skógarplöntum voru afhentar 134,785 stk. af plöntum til dreifsetningar voru afhentar 103.400 stk. og 9931 stk. af garðplöntum. Bókfært verð þeirra þegar afsláttur hefur verið dregin frá var kr. 907.054,20.

Byggingar.

Viðhald og endurbætur. Sett var teppi á stofu í umdæmis-bústaðnum en gólfdúkur sem á henni var, var orðin gjör ónýtur,

eins var settur gólfdúkur á eitt herbergi í íbúðinni.

Vatnsklæðning var sett á suðurhlið starfsmannabústaðarins til að varna honum frá tortímingu en húsið er hlaðið úr vikurholsteini og heldur ekki pússningu á verstu rigningar átt.

Þakið á fjósi og hlöðu var endurnýjað en á því var marg notað járn og hafði ekki verið settur á það pappi svo þakið hélt hvorki vindi eða vatni og þar sem ætlað hafði verið að koma þar upp plöntukælir varð að lagfæra það og hefur húsið tekið miklum breytingum.

<u>Vélar og verkfæri.</u>

<u>Viðhald og endurbætur.</u> Gert var við vélar eftir því sem þær létu ásjá og eins var með verkfæri. Jarðtætari sem er með elztu dráttarvélatengdum tækjum hér, var tekin til gagngerðar endurnýjunar því hann var orðin mjög slitinn af langri notkun.

Bíll skógrækyarinnar L-645 sem nota á fyrir farand vinnuflokk var hér til viðgerðar og endurbóta og fór nokkuð mikill tími í það, en það þurfti að gera upp mótorinn í honum og var það gert á Hvolsvelli en annað hér á Tumastöðum. Rifið var úr honum öll tæki sem í honum voru, en hann hafði áður verið eldhúsbíll og því mest af tækjunum óþörf, vaskur og borð fært til og smíðaðar uppistöður fyrir rúm, settir nýjir þéttikantar á hurð, gluggar þéttir ásamt rennum og bættur þar sem þurfti, smíðað hólf fyrir verkfæri og girðingarefni aftan á bílinn og voru þessar endurbætur gerðar eftir forsögn Garðars Jónssonar Selfossi.

Einnig var L-233 tekin til viðgerðar, skipt var um spindla og bremsuborða einnig var skipt um legur og pakkdósir sem voru farnar að slitna, settir nýjir gúmípúðar undir húsasamstöðu og lagfært annað sem gengið hafði úr skorðum eða var farið að láta á sjá.

Yfirlit yfir viðskiptareikning við Skógrækt ríkisins Ránarg. 18

| | Innborgað | Útborgað |
|---|---|---|
| Jöfnuður skuld við reikningsh. | | 3.323,00 |
| Rekstursfé frá S.r. .......... | 1.200.000,00 | |
| Borgað í Reykjavík ........... | 64.576,00 | 64.576,00 |
| Innk. fyrir plöntur .......... | 135.864,40 | |
| Greiddir reikningar .......... | | 1.300.925,00 |
| Samtals | 1.400.440,40 | 1.369.324,00 |
| Mismunur skuld við S.r. ...... | | 31.116,40 |
| | 1.400.440,40 | 1.400.440,40 |

Kostnaður varð því kr. 1.365.501,00 þar af var unnið v/ Garðars Jónssonar Selfossi o.fl. fyrir kr. 43.364,00 og greitt efni v/ L-645 fyrir kr. 3.263,60 sjá sundurliðun. Raunverulegur kostnaður varð því kr. 1.318.873,40 eða 18.873,40 kr. hærri en áætlun og er það 1,45%.

Hér á eftir fylgir viðfangsefna sundurliðun og þar á eftir sundurliðun vinnulauna, en þar er ekki alveg farið eftir sundurliðun vinnulauna eins og lagt var fyrir staffsmannafund á síðastliðnu ári.

Viðfangsefnaskipting.

## 0 1 Laun og ýmis starfsmannaútgjöld.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 111/19 | Dagvinna .................... | 313.928,00 | |
| 0 121/19 | Eftirvinna .................. | 133.159,70 | |
| 0 122/19 | N-og helgidagavinna ........ | 9.052,80 | |
| 0 171 | Iðgj. til slysa-ogatvinnul.. | 10.788,00 | |
| 0 173/02 | - - annara lífeyriss.. | 9.260,00 | |
| 0 175 | Launaskattur .............. | 9.902,00 | 986.090,50 |

## 0 22 Raforka.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 222/19 | Gróðrarstöðin Tumastöðum ... | 38.200,50 | 38.200,50 |

## 0 23 Olíur og benzín.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 232 | Olíur til upphitunar ........ | 9.337,10 | |
| 0 235 | Olíur og benzín v/ véla .... | 933,30 | |
| 0 237/01 | Olíur og benzín v/ dráttarv. | 7.099,00 | 17.369,40 |

## 0 26 Tryggingagjöld efnislegra fjármuna.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 262/01 | Skyldutrygging húseigna .... | 5.749,00 | |
| 0 265 | Trygging véla og vélasamst.. | 369,00 | |
| 0 266 | Trygging verkf. áhalda o.fl. | 6.837,00 | |
| 0 267/03 | Aðrar bifreiðatryggingar ... | 161,00 | |
| 0 267/04 | Tryggingar flutningat. og vinnuv. | 1.099,00 | 14.215,00 |

## 0 27 Aðkeypt viðhald efnislegra fjármuna.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 272/11 | Umdæmisbústaður ............ | 41.855,45 | |
| 0 272/12 | Starfsmannab. .............. | 39.606,80 | |
| 0 272/13 | Viðleguhús ................. | 549,00 | |
| 0 272/14 | Plöntugeymslur ............. | 58.922,10 | |
| 0 272/15 | Verkfærageymsla ............ | 1.932,00 | |
| 0 275/01 | Vélar ...................... | 212,50 | |
| 0 276/01 | Verkfæri og áhöld .......... | 12.098,00 | |
| 0 277/01 | Dráttarvélar ............... | 4.831,50 | |
| 0 277/15 | L-233 ...................... | 288,00 | |
| 0 279 | Annað aðkeypt viðhald ...... | 5.030,20 | 165.325,55 |

## 0 28 Ýmis stofnkostnaður sem ekki færist á eignaskrá.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 286/01 | Ýmis handverkfæri .......... | 7.918,00 | |
| 0 286/02 | Húsgögn og skrifstofuv. .... | 1.880,15 | |
| 0 288 | Ýmsar eignir ............... | 958,50 | 10.756,65 |

0 31 Sáðvörur, áburður plöntur o.fl.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 312/02 Til gróðrarst. (áburður) ... | 14.556,00 | |
| 0 312/11 Til gróðrarst. ......... ... | 1.700,00 | 16.256,00 |

0 39 Ýmsar rekstrarvörur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 391 | Matvörur .................. | 3.147,80 | |
| 0 392 | Viðlegubúnaður ............ | 160,00 | |
| 0 393 | Ræsti- og hreinlætisvörur .. | 1.142,00 | |
| 0 396 | Umbúðir ................... | 18.539,70 | |
| 0 397 | Kemisk efni ............... | 4.616,00 | |
| 0 398 | Girðingarefni ............. | 331,00 | |
| 0 399/01 | Vörur til gróðrarstöðv. .... | 33.242,30 | |
| 0 399/03 | Ýmsar vörur ............... | 924,00 | 62.102,80 |

0 41 Ritföng, pappír, símakostn. o. fl.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 411/02 | Reikningsh. (ritföng) ...... | 1.655,00 | |
| 0 414/19 | Gróðrarst. Tumast. (sími) .. | 12.836,00 | |
| 0 415/02 | Reikningsh. ............... | 77,00 | 14.568,00 |

0 42 Ferðakostnaður, risna , gjafir

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 423 | Ferðak. starfsf. gegn reikn. | 125,00 | 125,00 |

0 43 Aðkeyptur akstur, flutningsg og vinnuv.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 431/02 | V. gróðrarstöðvar .......... | 1.111,00 | |
| 0 432/01 | Afurðaflutningar ........... | 396,00 | |
| 0 432/02 | Aðdrættir .................. | 1.275,00 | 2.782,00 |

0 44 Ýmis aðkeypt þjónusta.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 449/02 | Aðkeypt vinna v. gróðrarst.. | 3.900,00 | 3.900,00 |

0 51 Eignaskattar og önnur opinber gjöld af eignum

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 511 | Fasteignaskattar ,........... | 1.251,00 | |
| | Söluskattur fyrir 1970 ..... | 27.438,00 | |
| 0 530 | Ýmis opinber gjöld ......... | 1.360,00 | 30.049,00 |

0 71 Vaxtagjöld

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 714 | Vextir af lausaskuld ....... | 498,00 | 498,00 |

0 8 Gjaldfærður stofnkostnaður

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 870/01 | Bifreiða (L-645) ........... | 3.263,60 | 3.263,60 |

Samtals 1.365.501,00
==================================

Sundurliðun vinnulauna

## 1 Skóggræðsla.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 106 | Fræsöfnun .................. | 5.161,60 | 5.161,60 |

## 2 Gróðrarstöðvar

| | | | |
|---|---|---|---|
| 201 | Verkstjórn ................. | 189.242,90 | |
| 203 | Sáningar ................... | 145.552,30 | |
| 204 | Dreifsetningar ............. | 259.409,50 | |
| 205-6 | Garðplöntur ................ | 57.497,20 | |
| 207 | Hirðing .................... | 119.777,90 | |
| 211 | Vetrarumbúnaður ............ | 71.421,60 | |
| 212 | Skjólbelti ................. | 13.679,30 | |
| 213 | Smíðar ..................... | 7.160,40 | |
| 214 | Ýmislegt ................... | 5.461,60 | |
| 221 | Gróðursetning (Skógarreitir) | 3.504,90 | |
| 222 | Girðingar .................. | 2.283,10 | 874.990,70 |

## 5 Viðhald

| | | | |
|---|---|---|---|
| 507 | Starfsmannab. .............. | 4.738,80 | |
| 509 | Plöntugeymsl. .............. | 4.058,00 | |
| | Múlakot (hreinsun) ......... | 23.826,80 | 32.623,60 |
| | | Samtals | 912.775,90 |

Sundurliðun á vinnu unnri fyrir Garðar Jónsson o.fl.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 105 | Jólatré .................... | 2.581,00 | |
| 562 | Jarðýta .................... | 1.056,50 | |
| 575 | L-233 ...................... | 13.803,00 | |
| 576 | X-139 ...................... | 992,20 | |
| 602 | L-645 ...................... | 24.931,90 | 43.364,60 |

Greidd vinnulaun eru því samtals kr. 956.140,50

Sáningar.

| Fræs.nr. | Tegund | Kvæmi | kg. | m2 |
|---|---|---|---|---|
| B-749 | Birki .......... | Hálsar .......... | 3,00 | 115,5 |
| B-704 | Rauðgreni ..... | Levanger V. ..... | 0,48 | 12 |
| B-699 | Rauðgreni ..... | Trysil .......... | 0,36 | 18 |
| B-648 | Rauðgreni ..... | Meldal .......... | 0,22 | 3 |
| B-701 | Rauðgreni ..... | Vang Löten ...... | 1,50 | 18 |
| B-747 | Sitkagreni .... | Cordova ......... | 2,00 | 142,5 |
| B-712 | Sitkagreni .... | Homer ........... | 1,20 | 88,5 |
| B-756 | Sitkagreni .... | Fish Bay ........ | 0,15 | 22,5 |
| B-757 | Sitkagreni .... | Old Sitka ....... | | 13,5 |
| B-755 | Bergfura ...... | Haut confl. ..... | 0,35 | 33 |
| B-746 | Stafafura ..... | Skagway ......... | 0,30 | 30 |
| B-711 | Stafafura ..... | Skagway ......... | 0,10 | 12 |
| B-670 | Stafafura ..... | Anaheim ......... | 0,50 | 58,5 |
| B-671 | Stafafura ..... | Fort St. James .. | 0,53 | 58,5 |
| B-744 | Broddfura ..... | Hall. ........... | 0,90 | 21 |
| B-736 | Síberíulerki .. | Altaí ........... | 1,26 | 58,5 |
| | H. rhamnoides . | Danm. ........... | | 6 |
| | | Samtals | 12,85 | 711,0 |

## Dreifsetning 1970.

| Fræs.nr. | Tegund | Kvæmi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| B-712 | Sitkagreni 2/0 ... | Homer ........... | 89.200 |
| B-713 | Sitkagreni 2/0 ... | Cordova ......... | 73.900 |
| B-723 | Lerki 1/0 ........ | Altai ........... | 7.200 |
| B-711 | Stafafura 2/0 .... | Skagway ......... | 109.100 |
| B-718 | Bergfura 2/0 ..... | Ht. confl. ...... | 56.420 |
| B-664 | Rauðgreni 3/0 .... | Levanger ........ | 16.700 |
| B-693 | Sitkagreni 3/0 ... | Seward .......... | 15.600 |
| | | Samtals | 368.120 |

## Garðplöntur dreifsettar og pottaðar 1970.

| | |
|---|---|
| Birki ............................... | 1.060 |
| Rauðblaðarós ........................ | 1.150 |
| Alaskaösp ........................... | 1.500 |
| S. daphnoides ....................... | 250 |
| Ribs ................................ | 350 |
| Fjallaribs .......................... | 250 |
| Sólber .............................. | 500 |
| Gullregn ............................ | 400 |
| Fagurlaufam. ........................ | 400 |
| Selja ............................... | 250 |
| Sitkagreni .......................... | 400 |
| Arionia ............................. | 460 |
| 19 aðrar tegundir ................... | 2.530 |
| Samtals | 9.500 |

## Plöntur til dreifsetningar 1971.

| Fræs.nr. | Tegund | Kvæmi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| B-346 | Brodd/blágreni 2/0 | Sapinero ........ | 2.500 |
| B-675 | Stafafura 2/0 .... | Sitka ........... | 4.800 |
| B-688 | Stafafura 2/0 .... | Wedelsbg. ....... | 50.000 |
| B-702 | Rauðgreni 2/0 .... | Namdalseid ...... | 7.000 |
| B-703 | Rauðgreni 2/0 .... | Verran-Levanger . | 17.000 |
| B-713 | Sitkagreni 2/0 ... | Cordova ......... | 140.000 |
| B-720 | Bergfura 2/0 ..... | Clasenbg. ....... | 45.000 |
| B-723 | Lerki 2/0 ........ | Altai ........... | 6.000 |
| B-721 | Svartgreni 2/0 ... | Alberta ......... | 4.000 |
| | Birki 2/0 ........ | Tumastöðum ...... | 6.500 |
| | Birki 2/0 ........ | Kollaf. ......... | 4.700 |
| | Birki 2/0 ........ | Hall. ........... | 3.000 |
| B-615 | Rauðgreni 3/0 .... | Namdalseid ...... | 1.100 |
| B-702 | Rauðgreni 3/0 .... | Namdalseid Gr. .. | 60.000 |
| | | Samtals | 351.600 |

## Garðplöntur til dreifsetningar 1971.

| | |
|---|---|
| Broddfura 2/0 ........................ | 2.000 |
| Sveigfura 2/0 ........................ | 800 |
| Svartelri 2/0 ........................ | 700 |
| Fjallagullregn 3/0 ................... | 600 |
| A. meloncarpa 3/0 .................... | 3.000 |
| Reynir 2/0 ........................... | 1.000 |
| Gráreynir 2/0 ........................ | 500 |
| Silfurreynir 2/0 ..................... | 600 |
| C. acutifolia 3/0 .................... | 1.000 |
| C. japonica 2/0 ...................... | 400 |
| R. rubiginosa 3/0 .................... | 1.200 |
| R. rubrifolia 3/0 .................... | 1.800 |
| Samtals | 13.600 |

Skógarplöntur afhentar 1970.

| Fræs.nr. | Tegund | Kvæmi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| B-641 | Birki 2/2 ....... | Bæjarstað ....... | 3.900 |
| B-634 | Birki 2/0 ....... | Bæjarstað ....... | 1.525 |
| B-566 | Douglasgreni 3/4 | .................. | 675 |
| B-564 | Douglasgreni 3/4 | Blueberry ....... | 360 |
| B-667 | Rauðgreni 2/2 ... | Löten ........... | 11.050 |
| B-648 | Rauðgreni 3/2 ... | Meldal .......... | 15.450 |
| B-610 | Rauðgreni 3/3 í.. | Mosvík .......... | 54.600 |
| B-632 | Sitkagreni 3/3 ... | Sitka ........... | 2.975 |
| B-590 X | Sitkagreni 3/3 .. | Cordova ......... | 5.700 |
| B-682 | Bergfura 2/2 .... | Mistballe ....... | 10.800 |
| B-655 | Bergfura 2/2 .... | Mt. Louis ....... | 7.350 |
| B-650 | Stafafura 2/2 ... | Skagway ......... | 20.400 |
| | | Samtals | 134.785 |

Dreifsetningarplöntur afhentar 1970.

| | | | |
|---|---|---|---|
| B-664 | Rauðgreni 3/0 ... | Levanger ........ | 45.500 |
| B-665 | Rauðgreni 3/0 ... | Trysil .......... | 17.500 |
| B-693 | Sitkagreni 3/0 .. | Seward .......... | 6.000 |
| B-718 | Bergfura 2/0 .... | Ht. confl. ...... | 10.000 |
| B-711 | Stafafura 2/0 ... | Skagway ......... | 24.400 |
| | | Samtals | 103.400 |

## Skógarplöntur til afhendingar 1971.

| Fræs.nr. | Tegund | Kvæmi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| B-671 | Stafafura 2/2.... | Fort St. James .. | 5.300 |
| B-672 | Stafafura 2/2 ... | Skagway ......... | 38.000 |
| B-639 | Bergfura 2/2 .... | Ht. confl. ...... | 16.000 |
| B-643 | Rauðgreni 3/3 ... | Meldal .......... | 4.000 |
| B-649 | Sitkagreni 3/3 .. | Sitka ........... | 21.300 |
| | Birki 2/0 ....... | Tumastöðum ...... | 6.500 |
| | Birki 2/0 ....... | Kollaf. ......... | 4.700 |
| | Birki 2/0 ....... | Hall. ........... | 3.000 |
| | | Samtals | 99.800 |

## Garðplöntur afhentar 1970.

| | |
|---|---|
| Birki 2/0 ............................ | 506 |
| Birki 2/2 ............................ | 1.722 |
| Elri ................................. | 215 |
| Sitkagreni ........................... | 161 |
| Viðja ................................ | 6.574 |
| Grávíðir ............................. | 209 |
| Gljávíðir ............................ | 40 |
| Glitvíðir ............................ | 15 |
| Ribs ................................. | 264 |
| Birkikvistur ......................... | 66 |
| Reyniviður ........................... | 19 |
| Silfurreynir ......................... | 11 |
| 16 aðrar tegundir .................... | 124 |
| Samtals | 9.931 |